

Stefna Íslenska lífeyrissjóðsins um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Nóvember 2024 / Útgáfa 1.0

1. Markmið og gildissvið

Íslenski lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að draga úr hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi sinni og stuðla að samvinnu sjóðsins, yfirvalda og eftirlitsaðila þegar við á. Stefna þessi byggir á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023. Íslenski lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að fara í einu og öllu eftir kröfum laga og stuðla að umhverfi þar sem unnið er gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. Stjórnskipulag

Íslenski lífeyrissjóðurinn grípur til skipulegra ráðstafana til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka m.a. með því að setja verklagsreglur og verkferla þegar við á sem endurskoða skal reglulega. Stefna þessi inniheldur ákvæði um framkvæmd áreiðanleikakannana, framkvæmd áhættumats, eftirlit með viðskiptasamböndum, viðvarandi eftirlit, eftirlit með viðskiptaþvingunum, tilkynningaskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni tengdri, kröfur vegna ráðningar starfsfólks og ákvæði um þjálfun starfsfólks.

Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að tryggja virkni ráðstafana til að takmarka áhættu og sporna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svo sem með því að taka virkan þátt í greiningu á áhættu, gera reglulega mat á fullnægjandi upplýsingar séu til staðar til að sinna lögbundnu eftirliti, stuðla að góðri fyrirtækjamenningu, sjá til þess að starfsfólk sinni fræðsluskyldu sinni og upplýsa regluvörð þegar í stað ef upp kemur grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka í starfsemi lífeyrissjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur tilnefnt framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðsins sem ábyrgðarmann í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við lög. Ábyrgðarmaður móttekur tilkynningar um grunsamleg viðskipti og rannsakar sjálfstætt þau viðskipti sem tilkynnt eru ásamt áhættustjóra sjóðsins. Ef tilefni þykir er send tilkynning um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglunnar.

3. Áreiðanleikakönnun, reglubundið og viðvarandi eftirlit með viðskiptavinum

Íslenski lífeyrissjóðurinn framkvæmir áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum við upphaf samningssambands. Í því felst að viðskiptavinur sannar á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja í samræmi við áhættumat lífeyrissjóðsins.

Íslenski lífeyrissjóðurinn er með reglubundið eftirlit með einstaklingum á alþjóðlegum válistum og listum yfir þvingunaraðgerðir.

4. Áhættumat og áhættuvilji

Íslenski lífeyrissjóðurinn framkvæmir áhættumat á viðskiptamannahópum og vörum sem lífeyrissjóðurinn býður upp á. Áhættumatið er uppfært með reglubundnu millibili, þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

5. Eftirlit með framkvæmd stefnunnar og þjálfun starfsfólks

Regluvörður hefur annars stigs eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og sér til þess, ásamt framkvæmdastjóra sjóðsins, að viðhalda reglum og ferlum sem stuðla að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd gildandi laga, reglugerða, innri reglna og ferla um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Regluvörður veitir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd stefnunnar eigi sjaldnar en árlega.

Íslenski lífeyrissjóðurinn sér til þess að starfsfólk hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstíma. Þannig öðlast starfsfólk viðeigandi þekkingu á gildandi lögum og reglum og þeim innri reglum og ferlum sem lífeyrissjóðurinn hefur sett á grundvelli þeirra.

Stefna þessi er endurskoðuð á tveggja ára fresti eða oftár ef þörf er á.

Samþykkt á stjórnarfundi Íslenska lífeyrissjóðsins 27. nóvember 2024.

Undirritunarsíða

Atli Atlason

Snorri Ómarsson

Kristín Hrefna Halldórsdóttir

Una Eypórsdóttir

Þórir Óskarsson